

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

21. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Haldinn að Þverá fimmtudaginn 14. júní 2012 og hófst kl. 21:00

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Þróstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi móttekið 13.04.2012 frá Miðhrauni 2.
Sótt er um leyfi fyrir geymslu með safngrifju.
Um er að ræða steipt safngrifja með holplötum yfir grifju en ofaná kemur stálgrindarbygging.
Brúttóflatarmál er 20,2 x 20,2 m eða 408 m².
Brúttórúmmál er 2.072,6 m³.
Vegghæð 3,61 m auk 3,5 m kjallara. Mænishæð 6,15 m.
Teikningar frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar dags. 21.03.2012.
Samþykkt.
2. Erindi móttekið 13.04.2012 frá Miðhrauni 2.
Sótt er um leyfi fyrir vinnsluhúsi.
Um er að ræða steinsteyptan sökkul og gólfplötu, útveggir steiptir í 2,5 m hæð en stálgrind ofaná. Útveggir og klæddir aluzink málmklæðningu.
Þak er stálvirki með timburdregurum, klætt málmklæðningu.
Tengibygging við eldri kæligeymslu er steinsteypt með timburkraftsperrum í þaki.
Tengibygging við eldri vinnslusal eru veggir og kraftsperrur úr timbri.
Brunavarnir miðast við að húsið sé eitt brunahólf, brunaviðvörunarkerfi, slöngukefli, slökkvitæki, neyðarlýsing og útlýsing.
Brúttóflatarmál er 1.990,9 m².
Brúttórúmmál er 9.216,9 m³.
Vegghæð 5,21 m. Mænishæð 8,83 m.
Teikningar frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar dags. 21.03.2012.
Samþykkt.
3. Erindi dags. 31.05.2012 frá Páli Gunnlaugssyni arkitekt hjá ASK arkitektum. Sótt er um leyfi fyrir breytingu á áður samþykktum byggingarnefndarteikningum vegna lóðar nr. 15 að Syðra-Lágafelli. Breytingarnar felast í breyttum gluggum í stofu.
Samþykkt.
4. Erindi dags. 11.05.2012 frá Önnu Sigurðardóttur og Ingvari Arndal Kristjánssyni, Miðhrauni 2.
Sótt er um leyfi fyrir heilsárshúsi úr timbri á steiptum sökkli, gólf er timburgólf, burðargrind veggja úr timbri, klædd lágréttir viðarklæðningu, mænisþak úr timbri með 35 gráðu halla. Stærð 6,0 x 12,4 eða 74,4 m² að grunnfleti. Rúmmál 316,4 m³.
Vegghæð 3,19 m, mænishæð 5,29 m.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

Húsið verður staðsett á lóðinni Stóra-Króki 1 í landi Miðhrauns II.
Teikningar frá Jóni L. Sigurbjörnssyni hjá Verkfræðistofunni Víðsjá.
Samþykkt.

5. Erindi dags. 16.04.2012 frá Magnúsi H. Ólafssyni arkitekt. Sótt er um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og breytingum á innra skipulagi íbúðarhússins að Hofsstöðum í Eyja- og Miklaholtshreppi. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar frá Mark Stofu á Akranesi.

Samþykkt.

6. Erindi frá Róberti Kjartanssyni f.h. Kjartans Eggertssonar og Soffíu Guðjónsdóttur, Hofsstöðum, Eyja- og Miklaholtshreppi. Sótt er um leyfi fyrir 10 m² garðhúsi.

Samþykkt.

7. Erindi frá Svani Guðmundssyni, Dalsmynni, Eyja- og Miklaholtshreppi. Sótt er um byggingarleyfi fyrir 200 m² stálgrindarhúsi á steiptum sökkli, þak og veggir klætt bárustáli. Staðsetning er við austurenda á gömlu fjóshlöðunni. Teikningar eru frá Tómasi Ellerti Tómassyni hjá Verkfræði og ráðgjöf ehf.

Samþykkt.

8. Erindi frá Sigursteini Sigurvinnssyni á Fáskrúðarbakka. Sótt er um stöðuleyfi fyrir sumarhúsi sem flytja á frá Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit að Fáskrúðarbakka. Sótt verður um framtíðarstaðsetningu síðar og mun húsið standa á hlaðinu á Fáskrúðarbakka tímundið. Síðar verður sótt um byggingarleyfi þegar húsinu hefur verið fundinn varanlegur staður.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

9. Erindi frá Reyni Sævarssyni f.h. Svelgs ehf, Hrísum, Helgafellssveit vegna Svelgsárvirkjunar í Helgafellssveit.

Áður hafði skipulags- og byggingarnefnd samþykkt tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi vatnsaflsvirkjunar úr landi Hrísa, svokallaðri „Svelgsárvirkjun. Breytingarnar fólust meðal annars í færslu stöðvarhúss um 180 metra til norðausturs og í færslu stíflu ofar í hliðina. Samkvæmt tillögunni var horfið frá því að byggja jarðvegsstíflu og þess í stað gerð tillaga um þrjár minni steinsteypar stíflur í kvíslum Svelgsár um 450 m ofar í hliðinni. Tillagan gerði ráð fyrir að afl virkjunarinnar verði allt að 800 kW.

Með bréfi dags. 15.03.2012 óskaði Skipulagsstofnun eftir því við skipulags- og byggingarfulltrúa að sett yrði saman greinargerð og óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdanna þ.e. hvort breytingar framkvæmdanna og þar með skipulagsins, væru það umfangsmiklar að þær teldust matskyldar að nýju. Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur m.a. fram að *það sé augljóst mál að þetta sé gjörbreytt framkvæmd frá þeirri sem tilkynnt var um til Skipulagsstofnunar og Skipulagsstofnun ákvarðaði að þyrfti ekki að fara í mat þann 11. janúar 2008.*

Óskað er eftir samþykki skipulags- og byggingarnefndar á greinargerð vegna tilkynningar til Skipulagsstofnunar og ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Svelgsárvirkjun frá því sem fram kemur í staðfestu deiliskipulagi Svelgsárvirkjunar. Með erindinu fylgdi greinargerð til ákvörðunar um matsskyldu dags. maí 2012 unnin af Svelg ehf.

Nefndin gerir ekki athugasemd við skýrsluna.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

10. Erindi dags. 12.04.2012 frá Ólafi Guðmundssyni.
Lagt fram skipulag tveggja lóða á spildu úr landi Helgafells í Helgafellssveit sem hefur hlotið nafnið Lyngholt.
Um er að ræða 56 ha spildu þar sem gert er ráð fyrir 300 m² íbúðarhúsi að meðtalinni bílgeymslu, einnig tvímur gripahúsum allt að 800 m², auk þess allt að 200 m² geymslu.
Með erindinu fylgdi umsögn minjavarðar vesturlands hjá Fornleifavernd ríkisins dags. 15.05.2012.
Nefndin samþykkir að stofna spilduna.
11. Erindi dags. 09.05.2012 frá Hinriki Hjartarsyni á Helgafelli. Sótt er um leyfi fyrir bogahúsi 8 x 9 m frá Hýsi-Merkúr sem verður staðsett á útihúsareit á skipulagi Lyngholts.
Nefndin samþykkir byggingarleyfið með fyrirvara um að skilað verði fullbúnum byggingarnefndar teikningum.
12. Fyrirspurn um tvö sumarhús í landi Helgafells í Helgafellssveit.
Guðmundur Hjartarson og Lára Björg Björgvinsdóttir, Helgafelli í Helgafellssveit. Sótt er um leyfi fyrir 2 sumarhúsum, svokölluðum Rammahúsum frá Bykó, 36,3 m² að stærð. Húsin verða staðsett á byggingarreit á spildu úr landi Helgafells sem hlotið hefur nafnið Helgafell 2.
Með erindinu fylgdi umsögn minjavarðar vesturlands hjá Fornleifavernd ríkisins dags. 03.05.2012.
Nefndin tekur jákvætt í erindið en telur að ýtarlegri gögn vanti til að afgreiða það.
13. Erindi frá Sverri Sighvatssyni. Sótt er um byggingarleyfi fyrir 20 m² geymsluhúsi á lóðinni Birkilundi 31 í landi Saura í Helgafellssveit.
Samþykkt.
14. Erindi frá Agli V. Benediktssyni, Birkilundi 43 í landi Saura í Helgafellssveit. Sótt er um byggingarleyfi fyrir sólskýli.
Samþykkt með fyrirvara um endanlegar teikningar.
15. Erindi frá Nadine Walter, Norðurási. Sótt er um byggingarleyfi fyrir 70 m² húsi á lóðinni Birkilundi 41 í landi Saura í Helgafellssveit.
Samþykkt með fyrirvara um endanlegar teikningar.
16. Erindi frá Magnúsi Kristjánssyni kt. 29.09.43-2219, Bólstaðahlíð 66, Reykjavík f.h. Farfuglaheimilisins kt. 41.06.04-4690, Borgarbraut 22, 340 Stykkishólmi.
Sótt er um leyfi fyrir 3 smáhúsum sem eru 25 m² að stærð.
Húsin eru byggð í Stykkishólmi af Kristjáni Sigurðssyni kt. 210965 4249, en eru teiknuð af Sigurði Á. Kristjánssyni, Stykkishólmi.
Kristján Sigurðsson fékk stöðuleyfi til að byggja smáhýsin til flutnings í febrúar 2012 hjá byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar.
Húsin verða staðsett á spildu úr landi Hrísa í Helgafellssveit sem hlotið hefur nafnið Helluland, skv. skipulagsuppdreitti unnum af Ólafi K. Guðmundssyni, Eyrarflöt 3, Akranesi. (Með fundargögnum fylgir umsögn Mannvirkjastofnunar vegna málsins).
Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs fyrir einu húsi.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

17. Til kynningar:

- a) Gerð aðalskipulags fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp er lokið hjá Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt og hefur skipulagið verið undirritað af oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps. Aðalskipulagið verður nú sent til Skipulagsstofnunar og óskað eftir meðmælum og staðfestingu ráðherra.
- b) Staðfesting á starfsábyrgðartryggingu fyrir byggingarstjóra.

18. Önnur mál.

Ekkert tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 23:30.